

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands Íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 5.mars 2018, kl. 13:00, að Borgartúni 30.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Árni Steinar Stefánsson, Björn Snæbjörnsson og Hjördís Póra Sigurþórsdóttir (í síma). Frá SNS mættu Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Gránufélagið

Erindi frá Einingu-löjlu varðandi mál starfs manna í Gránufélagsteymi.

Niðurstaða:

Eining-löjla dróg málið til baka. Málið hefur verið leyst.

2. Vinnufyrirkomulag starfsmanna á höfn

Erindi frá sveitarfélagi þar sem óskað var eftir að samstarfsnefndin taki til skoðunar skipulag vinnutíma starfsmanna á hafnarvog. Erindinu fylgdi ýtarleg greinargerð um rekstrarstöðu hafnarinnar auk fylgiskjala er veittu glöggar upplýsingar um stöðu mála.

Niðurstaða:

Milli funda óskaði SNS eftir því að fá nánari greinargerð frá Verkalýðs- og sjómannafélagi varðandi ágreininginn sem uppi er milli félagsins og bæjarfélagsins. Þann 5. mars barst samstarfsnefndinni greinargerð félagsins. Þar er óskað eftir því að sveitarfélagið ræði beint við stéttarfélagið í þeim tilgangi að ná sátt um breytingarnar.

Samstarfsnefndin er sammála um að aðilar ræði málin og freisti þess að ná samkomulagi heima í héraði.

3. Erindi frá verkalýðsfélagi

Erindi frá verkalýðsfélagi er varðar ágreining um uppsögn á ráðningarkjörum starfsmanns hjá sveitarfélagi. Mistök urðu við gerð uppsagnarbréfs þar sem ranglega var tilgreint í bréfinu að starfsmaðurinn ætti þriggja mánaða uppsagnarfrest en ekki sex mánaða eins og rétt er. Sveitarfélagið hefur sent leiðréttingarbréf vegna þessa. Stéttarfélagið hefur gert kröfu um að uppsagnarferlið verði hafið að nýju.

Niðurstaða:

Það er afstaða fulltrúa SNS að sveitarfélagið hafi með bréfi dags. 24. janúar sl. leiðrétt og fúslega viðurkennt kjarasamningsbundinn uppsagnarfrest starfsmannsins og beðist velvirðingar á þeim leiðu mistökum sem urðu við ritun uppsagnarbréfsins. Þar sem fjárhagslegur skaði starfsmannsins vegna þessara mistaka er enginn hafna fulltrúar SNS því að segja þurfi starfinu upp að nýju og lengja þar með gildandi uppsagnarfrest starfsmannsins um þrjá mánuði til viðbótar við sex mánaða kjarasamningsbundinn uppsagnarfrest hans.

Það er afstaða fulltrúa SGS að þar sem fyrra uppsagnarbréf stóðst ekki lögbundinn uppsagnarfrest verði að byrja uppsagnarferlið að nýju.

4. Samkomulag:

Undirritað var samkomulag um útfærslu launapróunartryggingar með 1,4% hækkun launatöflu frá 1. janúar 2018. Uppfærðar launatöflur fylgdu samkomulaginu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:20